

Fimmtudaginn 17. desember 1987.

Nr. 331/1987. **Lífeyrissjóður sjómanna**

(Sigurður G. Guðjónsson hdl.)

gegn

Þrotabúi Hafskips h.f.

(Viðar Már Matthíasson hdl.)

Skipti. Skuldaröð. Lögveðréttur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. nóvember 1987 að fengnu áfrýjunarleyfi 23. s.m. samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst viðurkenningar á því, að hann eigi kröfu utan skuldaraðar á hendur stefnda um greiðslu á dráttarvöxtum á mánuði þannig: 3,75% af 3.653,334,40 krónum frá 1. janúar 1986 til 28. febrúar s.á., 2,75% frá þeim degi til 31. mars s.á., 2,25% frá þeim degi til 30. júní s.á., 2,25% af 621.066,82 krónum frá þeim degi til 28. febrúar 1987, 2,5% frá þeim degi til 31. maí s.á., 2,8% frá þeim degi til 30. júní s.á., 3% frá þeim degi til 31. júlí s.á., 3,4% frá þeim degi til 31. ágúst s.á., 3,5% frá þeim degi til 30. september s.á., 3,6% frá þeim degi til 31. október s.á., 3,8% frá þeim degi til 30. nóvember s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 10. gr. sbr. 14. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann að viðurkenndur verði með dómi lögveðréttur fyrir umkröfðum iðgjöldum, vöxtum og kostnaði í eftirgreindum skipum þannig: m/s Hofsá 25,57%, m/s Rangá 25,3266%, m/s Selá 23,8249% og í uppboðsandvirði m/s Skaftár 25,0915%. Þá er krafist málskostnaðar í héraði og Hæstarétti auk 10% söluskatts í ríkissjóð.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn voru lögð fyrir Hæstarétt.

I

Fallast ber á úrlausn skiptaráðanda á ágreiningi um efni kröfu áfrýjanda og rétt hans til að hafa hana uppi í málinu.

II

Meginágreiningsefni málsaðila er að öðru leyti það, hvort dráttarvextir, sem féllu á lögveðskröfur áfrýjanda eftir 1. janúar 1986 til 1. júlí s.á. er Hafskip h.f. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, eigi að koma til fullrar greiðslu í skjóli lögveðréttinda án tillits til gjaldþrotaskiptanna, eða hvort þessir vextir teljist svonefndar eftirstæðar kröfur samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Það er meginregla um veðréttindi að veðrétturinn sé ekki aðeins til tryggingar á höfuðstól veðkröfunnar heldur einnig aukagreiðslum, sem henni fylgja, svo sem vöxtum, þar með töldum dráttarvöxtum. Á þetta við þótt veðtrygging vaxtanna sé ekki sérstaklega áskilin í samningi eða lögveðsheimild.

Stefndi reisir mótmæli sín við kröfum áfrýjanda á því, að eftir breytingar þær sem gerðar voru á lögum nr. 3, 12. apríl 1878, um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., með lögum nr. 32/1974 eigi framangreint þó ekki við um vexti af veðtryggðum kröfum, sem á hafi fallið eftir upphaf skipta í skuldafrágöngubúum og gjaldþrotabúum. Visar hann því til stuðnings til þess að það leiði af 86. gr. skiptalaga, sbr. 6. gr. laga nr. 32/1974, sbr. ennfremur 78. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, að vextir þessir teljist til svonefndra eftirstæðra krafna sem standa skuli að baki öllum öðrum kröfum við skiptin. Segir svo í ákvæði þessu:

„Þegar lokið er öllum skuldum skv. 82. - 85. gr. skal greiða í neðantalinni röð:

1. Kröfur um vexti, sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr. ...“

Enginn ágreiningur er um það að fyrir gildistöku laga nr. 32/1974 hafi framangreind regla um veðrétt fyrir vöxtum af veðtryggðum kröfum einnig tekið til vaxta er á féllu eftir upphaf skipta. Er þá álitafnið hvort á það verði fallist með stefnda að breyting hafi á þessu orðið við gildistöku laga nr. 32/1974.

Með áður nefndum lögum nr. 32/1974 var meðal annars gerð sú breyting á VIII. kapitula skiptalaga að öllum kröfum tryggðum með veði eða öðrum tryggingaréttindum í búi var skipað í skuldaröð í 83. grein. Koma þær þar á eftir útfararkostnaði, skiptakostnaði og kröfum, sem til er stofnað af búinu sbr. 82. gr., en á undan forgangskröfum samkvæmt 84. grein. Var þetta breyting frá eldri reglum, en um veðkröfur, aðrar en þær er greindi í 84. gr., var ekki fjallað meðal krafna sem lúkast ættu úr búinu sem heild, sbr. 8. kapitula B I, heldur sérstaklega í kafla B II. Segir í athugasemdum við 3. grein frumvarpsins að lögum nr. 32/1974, þ.e. 83. grein skiptalaga, að breyting þessi sé gerð vegna þess að „til yfirlits sé þó gleggst að hafa sem mest af reglunum um skuldaröð saman“. Á hinn bóginn er þar í engu að því vikið að við þessa skipan og í tengslum við nýmælið um eftirstæðar kröfur í 86. grein skiptalaga eigi að verða breyting á efnisreglum að því er tekur til veðréttar fyrir vöxtum af veðtryggðum kröfum. Hefði þó verið til þess brýnt tilefni ef sú var ætlunin. Var það því fremur sem á því er vakin sérstök athygli, að með ákvæðinu í sinni nýju mynd séu aukin tryggingarréttindi þeirra sem eigi sjálfsvörsluveð í lausafé eða almennt lögveð.

Í athugasemdum við 6. gr. frumvarpsins að lögum nr. 32/1974, nú 86. gr. skiptalaga, er sú grein m.a. gerð fyrir nýmæli þessu, að það sé meginsjónarmið að jafnrétti ríki milli lánardrottna eftir upphaf skipta. Þyki ekki ástæða til að vaxtareikningur við það tímamark raski því. Sé þess vegna gerð tillaga í samræmi við það sem sé í Danmörku og Noregi að vextir frá þessu tímamarki gangi á eftir almennum kröfum. Eigi mun það heldur vera svo að dönskum eða norskum rétti að vextir af veðkröfum eftir upphaf skipta teljist til eftirstæðra krafna. Væru greind ummæli í greinargerðinni að því leyti villandi ef til þess hefði verið ætlast að slík regla yrði lögleidd. Bendir þetta til þess að svo hafi ekki verið.

Áður er greint frá upphafsákvæðum 86. gr. skiptalaga. Í 83. gr. segir, að um forgang einstakra rétthafa trygginginarréttinda fari að lögum. Er þar vísað til almennra reglna um vernd eignarréttinda. Þá segir einnig, að selja skuli fjármuni, sem aðrir eigi tryggingarrétt í, greiða síðan rétthöfum af andvirði eignarinnar, en afgangurinn

renni saman við aðrar eignir í búinu. Hliðstæð regla gildir séu kröfur hærri en andvirðið, enda sé þeim lýst. Þar sem með þessum hætti er kveðið á um greiðslur þessara krafna í 83. gr. átti ekki við að geta þeirra sérstakelga í 86. gr. Öðru máli gegndi með vexti af kröfum samkvæmt 82. gr., sem sjaldnast eru veðtryggðar og tíðast orðnar til eftir upphaf skipta. Þegar 1. tl. 86. gr. er þannig skýrður með hliðsjón af 83. gr. þykir hann vera í fullu samræmi við fyrrgreind ummæli úr greinargerðinni.

Þegar framangreint er virt og með hliðsjón af veðreglum og þeirri meginreglu, að réttarstaða veðhafa breytist ekki við gjaldþrotaskipti á búi veðþola, þykir eiga að skýra 1. tl. 86. gr. skiptalaga svo, að hann taki ekki til vaxta af veðtryggðum kröfum, sem á hafa fallið eftir upphafsdag skipta, að því leyti sem þær fást greiddar af andvirði veðsins.

Fyrir Hæstarétti er komið fram að þrotabú Hafskips h.f. hefur selt skipin Hofsa, Rangá og Selá. Verður kröfum um viðurkenningu á lögveðrétti í skipunum því ekki nú beint að þrotabúinu. Eiganda skipanna hefur ekki verið stefnt fyrir Hæstarétt. Samkvæmt því verður krafa um viðurkenningu á lögveðrétti í skipum þessum ekki tekin til greina.

Í málflutningi lýsti stefndi yfir því að hann mótmælti ekki, að áfrýjandi ætti rétt á að fá kröfu sína greidda af söluverði framangreindra skipa að því marki sem lögveð teldist hafa stofnast í hverju skipanna fyrir sig. Þykir mega dæma málið í þessu horfi.

Um m/s Skaftá er það komið fram í málflutningi að það skip hafi verið kyrrsett erlendis og selt þar nauðungarsölu. Ómótmælt er að söluverðinu hafi verið úthlutað þar til kröfuhafa án þess að nokkuð fengist greitt inn í þrotabú Hafskips h.f. Um sölu skips þessa og möguleika áfrýjanda til að fá fullnustu á kröfu sinni af því veði liggur ekkert frekara fyrir í málinu. Þykir áfrýjandi eins og hér hagar til og svo sem hann hefur gert mál sitt úr garði, því eigi geta fengið tekna til greina kröfu sína vegna skips þessa nema sem eftirstæða vaxtakröfu samkvæmt 1. tl. 86. greinar skiptalaga, sbr. 78. gr. gjaldþrotalaga.

Samkvæmt framansögðu ber að viðurkenna rétt áfrýjanda til að fá greiddar sem lögveðstryggðar kröfur 159.968,18 krónur vegna m/s Hofsa, 157.295,11 krónur vegna m/s Rangár og 147.968,35 krónur vegna m/s Selár, eða samtals 465.231,64 krónur.

Með tilvísun til 178. gr. laga nr. 85/1936 þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

D ó m s o r ð:

Kröfum áfrýjanda, Lífeyrissjóðs sjómanna, um viðurkenningu á lögveði í m/s Hofsá, m/s Rangá og m/s Selá er vísað frá Hæstarétti.

Viðurkenndur er réttur áfrýjanda til að fá greiddar úr þrotabúi Hafskips h.f. ofangreindar kröfur samtals 465.231,64 krónur í skuldaröð sem lögveðtryggðar kröfur af söluandvirði m/s Hofsár, m/s Rangár og m/s Selár.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Guðrúnar Erlendsdóttur.

Við erum ósammála atkvæði meirihlutans og teljum að staðfesta eigi hinn áfrýjaða úrskurð með skírskotun til forsendna hans og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við föllumst á afgreiðslu meirihlutans á lögveðskröfum áfrýjanda.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. janúar 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 17. desember 1986.

Sóknaraðili, Lífeyrissjóður sjómanna, nafnúmer 6088-9104, Laugavegi 114, Reykjavík, krefst þess að viðurkennd verði krafa hans utan skuldaraðrar á hendur varnaraðila um greiðslu á 3.75% dráttarvöxtum á mánuði af kr. 3.653.334,40 frá 1. janúar til 28. febrúar 1986, 2.75% dráttarvöxtum af sömu fjárhæð fyrir tímabilið frá 1. mars til 31. mars 1986, 2.25% dráttarvöxtum á mánuði af sömu fjárhæð frá 1. apríl til 30. júní 1986, en 2.25% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan vanskilamánuð af kr. 621.066,82 frá 1. júlí 1986 til greiðsludags. Krefst sóknaraðili þess að viðurkenndur verði sjóveðréttur hans fyrir umkröfðum vöxtum í flutningaskipum, er tilheyrðu varnaraðila, í þeim hlutföllum að 25.757% teljist njóta veðréttar í m/s

Hofsá, 25.3266% í m/s Rangá, 23.8249% í m/s Selá og 25.0915% í m/s Skaftá. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar úr hendi varnaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðili, þrotabú Hafskips hf., krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila í máli þessu verði hafnað, og að staðfest verði að umkrafðir dráttarvextir njóti stöðu eftirstæðrar kröfu við skipti þrotabúsins. Þá krefst varnaraðili enn fremur málskostnaðar úr hendi sóknaraðila samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

II.

Aðdragandi að máli þessu er sá að með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum þann 6. desember 1985, var bú Hafskips hf., nafnnúmer 3504-0528, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag voru ráðnir þrír bústjórar til bráðabirgða að búinu, lögmenirnir Gestur Jónsson, Jóhann H. Nielsson og Viðar Már Matthíasson. Innköllun til skuldheimtumanna var gefin út þann 27. desember 1985, og birtist hún fyrri sinni í Lögbirtingablaði, sem út kom 15. janúar 1986. Með heimild í 3. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 98/1985, var kröfulýsingarfrestur ákveðinn fjórir mánuðir, og lauk honum því þann 15. maí 1986.

Með bréfi, dagsettu 12. maí 1986, sem barst skiptaráðandanum í Reykjavík þann 13. sama mánaðar, lýsti sóknaraðili kröfum í þrotabú Hafskips hf. um greiðslu lífeyrissjóðsiðgjalda að fjárhæð kr. 5.512.054,30, auk dráttarvaxta vegna nóvember og desember 1985, að fjárhæð kr. 392.121,00, eða samtals kr. 5.904.175,30. Í bréfi þessu segir enn fremur:

„Kröfunni er lýst í búið sem forgangskröfu, en hún nýtur lögveðréttar samkvæmt 10. gr. laga nr. 49/1974, hvað varðar iðgjöld vegna sjómanna, og er að því leyti forgangskrafa samkvæmt 83. gr. skiptalaga nr. 3/1878. Enn fremur nýtur hún forgangsréttar samkvæmt 4. tölulið 84. gr. skiptalaga.

Loks er krafist dráttarvaxta frá 1. janúar 1986 til greiðsludags af höfuðstól þeirra krafna, er sjóveð er fyrir, þ.e. af kr. 3.653.334,40 (vegna Hofsár, Rangár, Selár og Skaftár).“

Bústjórar til bráðabirgða í þrotabú Hafskips hf. lýstu afstöðu sinni til kröfu þessarar með bréfi til sóknaraðila þann 23. maí 1986, en afstaða þessi er þar greind með eftirfarandi hætti:

„Afstaða bústjóra:

Krafan er samþykkt sem forgangskrafa þannig:

Samþykkt að fjárhæð kr. 5.889.792,30.

Athugasemdir:

Samþykkt krafa er í samræmi við bókhald þrotabúsins. Mismunur kr. 14.383,00 er vegna iðgjalds sem var greitt 12.12. 1985.“

Í skrá um lýstar kröfur, sem bústjórar gerðu í samræmi við 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 og dagsett var þann 11. júní 1986, var afstöðu þeirra til viðurkenningar kröfu sóknaraðila lýst með sama hætti og fram kom í áður ívitnuðu bréfi. Með bréfi dagsettu 18. júní 1986 mótmælti sóknaraðili afstöðu þessari, og er meginmál bréfsins svohljóðandi:

„Í bréfi Jóhanns Nielssonar, bústjóra þrotabús Hafskip h/f, til Lífeyrissjóðs sjómanna, dags. 23. maí 1986, er krafa sjóðsins samþykkt sem forgangskrafa nema iðgjöld að fjárhæð kr. 14.383,00, sem eiga að hafa verið greidd 12. desember 1985. Samkvæmt bókhaldi Lífeyrissjóðs sjómanna barst engin greiðsla á lífeyrissjóðsiðgjöldum fyrir starfsmenn Hafskip h/f til sjóðsins frá 23. október 1985 til 24. febrúar 1986. Athugasemd bústjóra þrotabús Hafskip h/f er því hér með mótmælt.“

Á skiptafundi í þrotabúinu, sem haldinn var þann 20. júní 1986 til umfjöllunar um lýstar kröfur, voru mótmæli þessi áréttuð af hálfu sóknaraðila.

Í kjölfar nefnds skiptafundar voru sóknaraðila greiddar kr. 5.889.792,00, en eins og áður hefur komið fram er það sú fjárhæð, sem bústjórar til bráðabirgða höfðu þá viðurkennt sem forgangskröfu sóknaraðila í þrotabúinu og ágreiningur stóð ekki um. Með bréfi dagsettu 3. júlí 1986 viðurkendi sóknaraðili móttöku þessarar greiðslu, en í því bréfi segir enn fremur:

„Lífeyrissjóður sjómanna ítrekar hér með kröfu um greiðslu dráttarvaxta frá 1. janúar 1986 til greiðsludags af höfuðstól þeirra krafna, sem sjóveð er fyrir, þ.e. af kr. 3.653.334,40 (vegna Hofsár, Rangár, Selár og Skaftár).“

Samkvæmt 2. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 var á ný fjallað um kröfu sóknaraðila á skiptafundi þann 3. júlí 1986. Kom þar fram að skiptastjórar í þrotabúinu, sem þá höfðu verið kjörnir hinir sömu og áður gegndu störfum bústjóra til bráðabirgða, héldu fast við fyrri afstöðu til kröfunnar sem sóknaraðili felldi sig ekki við. Var því ákveðinn rekstur þessa máls til úrlausnar um ágreining þeirra, og var það þingfest þann 22. ágúst 1986.

Í þinghaldi í máli þessu þann 22. ágúst 1986 var því lýst yfir af hálfu varnaraðila að hann féllist á að viðurkenna kr. 14.383,00 af kröfum sóknaraðila umfram það sem hann áður hafði samþykkt, þannig að varnaraðili hefur endanlega viðurkennt umkrafinn höfuðstól krafna sóknaraðila með áföllnum dráttarvöxtum til upphafs dags gjaldþrotaskipta. Er óumdeilt í máli þessu að varnaraðili hafi að fullu greitt kröfur sóknaraðila að þessu leyti með kr. 5.904.175,00. Ágreiningsefni þessa máls varðar hins vegar hvort dráttarvextir, sem fallið hafa eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta á þann hluta krafna sóknaraðila sem hann heldur fram að njóti sjóveðréttar í eignum varnaraðila, eigi að koma til greiðslu að fullu, eða hvort vextir þessir verði taldir eftirstæð krafa samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

III.

Hér að framan hefur verið rakið efni bréfa, er fóru milli aðilja þessa máls fyrir þingfestingu þess, og varða ágreiningsefni þeirra.

Í greinargerð sóknaraðila í máli þessu, sem lögð var fram þann 28. október 1986, gerði hann þær kröfur að varnaraðili „greiði honum utan skuldaraðar 3.75% mánaðarlega dráttarvexti af kr. 3.653.334,40 frá 1. janúar 1986 til 28. feb. 1986, 2.75% mánaðarlega dráttarvexti af sömu fjárhæð frá 1. mars 1986 til 31. mars 1986 og 2.25% mánaðarlega dráttarvexti af sömu fjárhæð frá 1. apríl 1986 til greiðsludags“.

Í þinghaldi í máli þessu þann 17. desember 1986 var lögmaður sóknaraðila inntur eftir nánari skýringu á þessari kröfugerð. Kom þá fram af hálfu sóknaraðila að líta beri svo á að í henni felist krafa um að áðurgreindir vextir verði reiknaðir af kr. 3.653.334,40 fyrir tímabilið frá 1. janúar til 1. júlí 1986, er nefnd fjárhæð var greidd honum. Sóknaraðili telur þá greiðslu eiga fyrst að ganga upp í áfallna vexti, sem hafi þann 1. júlí 1986 verið að fjárhæð kr. 621.066,82, en afgangur fjárins skoðist sem greiðsla upp í höfuðstól kröfunnar. Eftirstöðvar höfuðstólsins, kr. 621.066,82, eigi síðan að bera umkrafða vexti til greiðsludags. Var kröfugerð sóknaraðila í kjölfar þess umorðuð í það horf sem gerð er grein fyrir í upphafi þessa úrskurðar, en því viðhorfi lýst af hálfu sóknaraðila, að telja yrði þessa framsetningu hennar rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar hans í málinu.

Af hálfu varnaraðila kom það fram að gefnu tilefni að upphaflegri höfuðstólsfjárhæð, kr. 3.653.334,40, væri ekki mótmælt tölulega, og heldur ekki að sú skuld hafi átt rætur að rekja til lífeyrissjóðsiðgjalda skipverja á fjórum flutningaskipum hins gjaldþrota félags. Var því og lýst yfir af hálfu varnaraðila að samþykkt væri að iðgjöldum þessum væri réttilega skipt á einstök skip með þeim hlutfallstölum sem sóknaraðili hafi byggt á. Hins vegar var því haldið fram af hálfu varnaraðila að sóknaraðili hafi með greinargerð sinni og undanfarandi yfirlýsingum ráðstafað sakarfninu með þeim hætti að sú kröfugerð sem hann hefur endanlega haft uppi og áður er rakin fá ekki komist að í máli þessu. Nánar tiltekið taldi varnaraðili að kröfugerð sóknaraðila í greinargerð yrði að skilja á þann veg, að þar væri krafist viðurkenningar á veðréttindum fyrir greiðslu dráttarvaxta af fyrrnefndum höfuðstól fyrir tímabilið frá 1. janúar til greiðsludags sem hafi verið 1. júlí 1986. Samtals væri um 17% dráttarvexti að ræða og fjárhæð þeirra þannig kr. 621.066,92. Að greiddri höfuðstólsfjárhæðinni telur varnaraðili kröfu um síðar áfallandi vexti ekki rúmast innan upphaflegrar kröfugerðar sóknaraðila, og telur hann kröfugerðina því aðeins taka til umræddrar vaxtafjárhæðar, sem skiptast ætti eftir málsútlitun sóknaraðila sem krafa um viðurkenningu sjóveðréttar fyrir eftirfarandi fjárhæðum varðandi hvert umræddra flutningaskipa:

vegna m/s Hofsár:	kr. 159.968,18
vegna m/s Rangár:	kr. 157.295,11
vegna m/s Selár:	kr. 147.968,35
vegna m/s Skaftár:	kr. 155.834,98
Samtals	kr. 621.066,92

Var því sérstaklega mótmælt af hálfu varnaraðila að sóknaraðili gæti haft uppi kröfur í máli þessu um vexti af þessari fjárhæð frá 1. júlí 1986 að telja.

IV.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess að ágreiningur sé ekki með aðiljum um að lífeyrissjóðsiðgjöld, alls að fjárhæð kr. 3.653.334,40, hafi átt rætur að rekja til starfa skipverja á 4 skipum, sem rekin hafi verið af hinu gjaldþrota félagi og voru í eigu þess við upphaf gjaldþrotaskipta. Byggir hann á því að fyrir lífeyrissjóðsiðgjöldum þessum hafi verið lögveðréttur í umræddum skipum samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 197. gr. laga nr. 34/1985 og 4. mgr. 10. gr. laga nr. 49/1974, og að sá réttur hafi færst yfir á söluandvirði skipanna sem runnið hafi til varnaraðila. Telur sóknaraðili það koma berlega fram í kröfulýsingu hans að krafist hafi verið viðurkenningar á að þessi hluti kröfunnar nyti stöðu veðkröfu samkvæmt 83. gr. laga nr. 3/1878, þótt krafa hans um lífeyrissjóðsiðgjöld njóti í heild forgangsréttar samkvæmt 4. tl. 84. gr. sömu laga. Mótmælir sóknaraðili þeirri staðhæfingu varnaraðila að hann hafi glatað rétti til að halda uppi kröfu um viðurkenningu veðréttinda með því að andmælum þess efnis hafi ekki sérstaklega verið hreyft gegn afstöðu bústjóra til kröfunnar á skiptafundi í þrotabúinu þann 20. júní 1986. Telur sóknaraðili það ekki felast í orðalagi afstöðu bústjóra að veðréttindum hafi verið hafnað, þar sem aðeins komi þar fram að krafan sé viðurkennd sem forgangskrafa tiltekinnar fjárhæðar. Ennfremur hafi þess sérstaklega verið krafist í kröfulýsingu að vextir yrðu greiddir af veðtrygðum hluta kröfunnar til greiðsludags hennar. Í afstöðu bústjóra hafi hvergi verið minnst á vaxtakröfu þessa, og því ekkert tilefni verið til að sóknaraðili gerði athugasemdir vegna hennar á fyrrnefndum skiptafundi.

Af hálfu sóknaraðila er því haldið fram að sú grundvallarregla komi fram í 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978 að gjaldþrot breyti ekki rétti þeirra kröfuhafa, sem geta knúið fram nauðungarsölu veðbundinnar eignar þrotamanns án undanfarandi réttargerða. Heldur sóknaraðili því fram að hann njóti heimilda til slíkrar nauðungarsölu skipa vegna ógreiddra lífeyrissjóðsiðgjalda skipverja samkvæmt 1. gr. laga nr. 49/1951 og e-lið 1. tl. 1. gr.

laga nr. 57/1949. Meðal þeirra réttinda, sem njóti fyrrnefndrar verndar 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978, telur sóknaraðili rétt sinn til áfallandi dráttarvaxta af veðkröfu eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta, sem hann geti krafist greiðslu á af andvirði veðsins án tillits til gjaldþrotsins. Gagnstæð niðurstaða yrði brot á þeirri meginreglu gjaldþrotalaga að réttur sértökumanna raskist ekki við gjaldþrot.

Því til frekari stuðnings að krafa um áfallna vexti eftir upphafsdag skipta af veðkröfu fylgi henni í skuldaröð, vísar sóknaraðili til þess að fram að setningu laga nr. 32/1974 hafi gilt regla 87. gr. laga nr. 3/1878, sem tvímælalaust hafi leitt til þeirrar niðurstöðu. Bendir sóknaraðili á að í greinargerð með frumvarpi, er varð að lögum nr. 32/1974 og breytti fyrir mælum laga nr. 3/1878 um skuldaröð, komi berlega fram að megingilgangur þeirrar lagasetningar hafi verið að fækka forgangskröfum. Greinargerðin gefi á engan hátt til kynna að ætlunin hafi verið að breyta reglum um stöðu vaxta af veðkröfum í skuldaröð, heldur hafi nýrri reglu 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878, sem þá var lögleidd, aðeins verið ætlað að taka til vaxta af forgangskröfum samkvæmt 84. gr. og almennum kröfum samkvæmt 85. gr. laganna. Telur sóknaraðili þetta sjást meðal annars á því að í umræddri greinargerð komi fram að regla 1. tl. 86. gr. laganna sé í samræmi við gildandi reglur um sama efni í dönskum og norskum lögum, en sóknaraðili heldur því fram að samkvæmt rétti þeirra landa greiðist vextir af veðkröfum utan skuldaraðar án tillits til gjaldþrots, en ekki sem eftirstæðar kröfur.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið haldið fram að sóknaraðili hafi í upphafi lýst kröfu sinni með valkvæðum hætti, þannig að meta hafi mátt hana hvort heldur sem veðkröfu eða forgangskröfu, hvað varðar lífeyris-sjóðsiðgjöld skipverja á þeim skipum sem í máli þessu er fjallað um. Í afstöðu bústjóra til kröfunnar hafi sá kostur verið valinn að viðurkenna kröfuna í heild sem forgangskröfu sem komi berlega fram í tilkynningu bústjóra til sóknaraðila. Þar komi og fram með hverri fjárhæð krafan hafi verið viðurkennd, og hafi yfirlýsing þess efnis verið bindandi af hendi bústjóra, meðal annars um vexti, sem ekki hafi verið viðurkenndir. Tetur varnaraðili augljóst af umræddri tilkynningu að krafan hafi verið viðurkennd sem forgangskrafa samkvæmt 4. tl. 84. gr. laga nr. 3/1878, en ekki sem veðkrafa samkvæmt 83. gr. laganna, og hafi því verið sjálfgefið samkvæmt 1. tl. 86. gr. þeirra að áfallnir vextir af kröfunni eftir upphafsdag skipta kæmu ekki til álita á annan hátt en sem eftirstæð krafa. Í bréfi sóknaraðila frá 18. júní 1986 hafi eingöngu komið fram andmæli gegn afstöðu bústjóra um að hafna viðurkenningu á kr. 14.383,00 af höfuðstól kröfunnar, en engin mótmæli hafi hins vegar komið fram þar eða á skiptafundi þann 20. sama mánaðar varðandi afstöðu bústjóra til skipunar kröf-

unnar í skuldaröð eða höfnun þeirra á að vextir fylgi höfuðstól kröfunnar í skuldaröð. Telur varnaraðili þetta athafnaleysi sóknaraðila fela í sér ráðstöfun sakarefnis samkvæmt 108. og 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978, sbr. 4. mgr. 110. gr. og 113. gr. laga nr. 85/1936, og leiða til þess að hann geti ekki á síðara stigi haldið uppi mótmælum á þessum grundvelli. Telur varnaraðili að hafna verði þegar af þessari ástæðu þeim kröfum, sem sóknaraðili hefur uppi í máli þessu.

Verði ekki á framangreint fallist heldur varnaraðili því fram að þeir vextir, sem deilt er um í máli þessu og fallið hafa til eftir upphafsdag gjaldþrotaskipta, verði að teljast til eftirstæðra krafna við búskiptin. Rökstyður varnaraðili þetta á þann veg að í 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 sé mælt svo fyrir að vextir sem fallið hafa á kröfu eftir upphaf skipta standi að baki kröfum samkvæmt 82. - 85. gr. laganna. Frá þessu sé aðeins gerð ein undantekning sem getið er um berum orðum í 1. tl. 86. gr. laganna, en sú undantekning taki til vaxta af kröfum samkvæmt 82. gr. þeirra. Krafa sóknaraðila á hendur varnaraðila byggist hins vegar á 83. eða 84. gr. laganna, og telur varnaraðili ótvírætt að áfallnir vextir af slíkum kröfum eftir upphafsdag skipta falli undir meginreglu 1. tl. 86. gr. þeirra. Telur varnaraðili að skýra verði reglu þessa bókstaflega, hún taki eftir orðanna hljóðan til vaxta af öllum kröfum öðrum en samkvæmt 82. gr. laganna. Ef ætlun löggjafans hefði verið önnur hefði það komið berum orðum fram að fyrrnefnd undantekning væri víðtækari. Í greinargerð með því ákvæði frumvarps er varð að 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 hafi verið fjallað um að reglan væri byggð á meginþingarmíðum um jafnræði lánardrottna eftir upphaf skipta og sagt að ekki hafi þótt ástæða til að vaxtaáfall eftir það tímamark yrði til að raska því jafnræði. Hins vegar hafi sérstaklega verið rökstutt hvers vegna undantekning væri gerð frá reglunni varðandi kröfur, sem falla undir 82. gr. laga nr. 3/1878. Telur varnaraðili þetta taka af tvímæli um að frekari undantekningar eigi ekki að gera frá meginreglu 1. tl. 86. gr. laganna en þar er getið beinlínis.

Af hálfu varnaraðila hefur því verið mótmælt að ákvæði 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978 geti haft þýðingu við úrlausn málsins, eins og sóknaraðili haldi fram. Telur varnaraðili þá reglu aðeins varða heimildir tiltekinnna veðhafa til að knýja fram uppboðssölu á eign þrotamanns en ráði engu um réttthæð krafna í skuldaröð. Að auki hefur varnaraðili dregið í efa að fyrrnefnd lagaregla geti varðað kröfu sóknaraðila með því að bein uppboðsheimild fylgi henni ekki, enda ekki getið slíkrar heimildar í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna nr. 49/1974 eða siglingalögum nr. 34/1985, og telur varnaraðili að ákvæði laga nr. 49/1951 veiti sóknaraðila heldur ekki slíka heimild.

Eins og fram hefur komið hér að framan stendur ágreiningur með málsaðiljum um það á hvern veg skilja beri orðalag upphaflegrar kröfugerðar sóknaraðila í greinargerð, svo og um það hvort kröfugerð hans í endanlegu horfi komist að við úrlausn málsins.

Í greinargerð sóknaraðila, sem lögð var fram í málinu þann 28. október 1986, eru málskröfur fram settar með þeim hætti að hann krefst greiðslu tiltekinna mánaðarlegra dráttarvaxta utan skuldaraðar af kr. 3.653.334,40 frá 1. janúar 1986 til greiðsludags. Eins og þessu orðalagi kröfugerðar er hagað verður hún vart skilin með öðrum hætti en þeim að með henni sé stefnt að því að fá úrlausn um tilkall til áfallandi vaxta af umræddri höfuðstólsfjárhæð frá hinum tiltekna upphafsdegi til þess dags, sem höfuðstóll kröfunnar er greiddur. Fyrir liggur í málinu að sú fjárhæð, sem vaxta er krafist af, umræddar kr. 3.653.334,40, var að fullu greidd sóknaraðila þann 1. júlí 1986. Var því beint tilefni til að sóknaraðili hagaði kröfugerð þegar í greinargerð með öðrum hætti en þeim er raun varð á ef hann ætlaðist til að farið yrði með umrædda greiðslu á þann veg að hluti hennar yrði fyrst látinn ganga til greiðslu áfallinna dráttarvaxta, en afgangur fjárens yrði til lækkunar á höfuðstól kröfunnar. Ljóst er og að sú kröfugerð sem sóknaraðili hafði endanlega uppi í málinu gengur umtalsvert lengra en sá skilningur sem unnt er að leggja í upphaflegt orðalag kröfugerðar. Af þessum sökum og með því að varnaraðili hefur mótmælt því að endanleg kröfugerð sóknaraðila fái komist að í málinu, verður samkvæmt 113., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936 að líta svo á að kröfur sóknaraðila taki aðeins til greiðslu hinna tilteknu dráttarvaxta af kr. 3.653.334,40 fyrir tímabilið frá 1. janúar til 1. júlí 1986 sem ágreiningslaust er að nemi kr. 621.066,82.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi glatað rétti til að hafa uppi kröfu um greiðslu áfallandi vaxta eftir upphafsdag skipta með því að kröfu þess efnis í kröfulýsingu hafi verið hafnað með afstöðu bústjóra til bráðabirgða til hennar og sóknaraðili hafi ekki mótmælt þeirri afstöðu fyrir eða á skiptafundi, þar sem kröfuskrá kom til umfjöllunar, sbr. 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978.

Í 1. tl. 108. gr. laga nr. 6/1978 segir að sá sem með bú fer skuli gera skrá um lýstar kröfur og geta þess „við hverja kröfu hvort hann telur að hana skuli viðurkenna“. Í 1. tl. 110. gr. laganna segir hins vegar að sé engum andmælum hreyft fyrir eða á skiptafundi við álitserð þessari, teljist hún endanlega samþykkt. Í ljósi þeirra viðtæku réttaráhrifa sem þessi lagaákvæði veita álitserð bústjóra um viðurkenningu lýstrar kröfu, verður að ætlast til að í henni komi fram skýr og afdráttarlaus afstaða til allra atriða sem máli geta skipt varðandi viðkomandi kröfu. Í tilkynningu sem bústjór- ar sendu sóknaraðila samkvæmt 3. tl. 108. gr. nefndra laga og hefur að

geyma yfirlýsingu þeirra um afstöðu til kröfulýsingar hans segir að krafan sé samþykkt sem forgangskrafa tiltekinnar fjárhæðar. Á vaxtakröfu sóknaraðila er hins vegar ekkert minnst og þess ekki getið berum orðum að kröfu hans um viðurkenningu lögveðréttinda fyrir hluta kröfunnar sé hafnað. Verður því ekki fallist á það með varnaraðila að fram hafi komið álitserð um þessa þætti kröfugerðar sóknaraðila af hendi bústjóra sem fullnægir skilyrðum 1. tl. 108. gr. og 1. tl. 110. gr. laga nr. 6/1978 til að teljast endanlega samþykkt vegna andmælaleysis af hálfu sóknaraðila.

Meginágreiningsefni málsaðilja snýr að því hvort dráttarvextir, sem í máli þessu er fjallað um og féllu á kröfu sóknaraðila eftir töku bús Hafskips hf. til gjaldþrotaskipta, eigi að koma til fullrar greiðslu í skjóli lögveðréttinda án tillits til gjaldþrotaskiptanna, eða hvort þessir vextir teljist svonefnd eftirstæð krafa samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Af hálfu sóknaraðila hefur því verið haldið fram í þessu sambandi að sú meginregla, sem fram kemur í 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978, leiði til þess að veðhafi í eign þrotabús eigi tilkall til fullnustu allrar kröfu sinnar, eftir því sem andvirði veðsins hrekkur til, og að sá réttur nái jafnt til áfallinna vaxta eftir upphafsdag skipta sem annarra þátta veðkröfunnar án tillits til gjaldþrotaskipta. Í nefndu lagaákvæði er að finna reglu sem kveður á um að tiltekin tryggingarréttindi lánardrottna í eignum þrotabús haldist þrátt fyrir gjaldþrotaskiptin. Þar er hins vegar ekki tekin afstaða til rétt-hæðar þessara tryggingarréttinda gagnvart öðrum kröfum á hendur þrotabúi. Um þau efni er gagnert fjallað í 8. kápítula laga nr. 3/1878, sbr. X. kafla laga nr. 6/1978, og ræðst því niðurstæða þessa ágreiningsefnis af þeim reglum, sem þar er að finna.

Um skuldaröð við gjaldþrotaskipti er, að því leyti sem hér skiptir máli, að finna reglur í 82. - 86. gr. laga nr. 3/1878. Í 82. gr. laganna eru tilteknar kröfur sem ganga á undan öllum öðrum skuldum bús, en þær eru útfararkostnaður, skiptakostnaður og kröfur stofnaðar eftir upphaf skipta með löglegum samningum. Samkvæmt 83. gr. laganna koma næstar í skuldaröð kröfur, sem tryggðar eru með tryggingarréttindum í eignum þrotabús, en samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ganga skiptakostnaður og kröfur samkvæmt samningum bús aðeins fyrir veðkröfum að því leyti, sem slík útgjöld varða veðbundnar eignir. Af fyrirmælum þessum leiðir að ákvæði laganna um skuldaröð ráðgera að þótt krafa njóti veðtryggingar í eign bús, verða réttindi eiganda hennar til fullnustu af andvirði eignarinnar að þoka fyrir útfararkostnaði, sem ekki tengist viðkomandi eign, og jafnframt fyrir kostnaði sem eignina varðar. Af þessu er því þegar ljóst að þó svo að regla 2. tl. 24. gr. laga nr. 6/1978 mæli fyrir um að tiltekin tryggingarréttindi haldist þrátt fyrir gjaldþrot styðjast reglur 8. kápítula laga nr. 3/1878 um skuldaröð við það viðhorf að veðhafar verði eins og aðrir lánardrottinnar að þola

lögmaelta röskun á réttindum sínum við gjaldþrotaskipti. Í 84. gr. laga nr. 3/1878 er að finna talningu þeirra krafna er næstar koma í skuldaröð og teljast til forgangskrafna, en í 85. gr. laganna eru fyrirmæli um stöðu svokallaðra almennra krafna í skuldaröðinni. Loks eru í 86. gr. laganna taldar þrenns konar kröfur sem fyrst koma til álita að greiddum öllum áðurtöldum kröfum, og eru í 1. tölulið ákvæðisins fyrirmæli um hina réttthæstu þeirra sem skilgreind er með þeim orðum að um sé að ræða „kröfur um vexti sem á hafa fallið eftir upphaf skipta, nema vexti af kröfum skv. 82. gr“.

Ívitnað ákvæði 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 verður ekki skýrt á annan veg eftir orðanna hljóðan en þann að undir reglu þess falli áfallnir vextir eftir upphaf skipta af öllum þeim kröfum, sem taldar eru í 83., 84. og 85. gr. laganna. Slík skýring 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 leiðir að sönnu til skerðingar á rétti þeirra lánardrottna sem njóta tryggingarréttinda í eignum bús, en eins og áður greinir er ljóst af öðrum ákvæðum 8. kapitula laganna að reglur hans hafna því viðhorfi, að réttarstaða veðhafa skuli í hvívetna vera óhöggud þrátt fyrir gjaldþrotaskipti. Verður því ekki séð að skýring sem þessi stríði gegn grundvallarreglum um stöðu lánardrottna við gjaldþrotaskipti.

Eins og áður hefur komið fram, var umrætt ákvæði 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 lögfest með breytingum, sem gerðar voru með lögum nr. 32/1974. Fram að setningu þessarar reglu giltu ekki sérreglur um meðferð áfallandi vaxta af kröfum eftir upphaf skipta, og fylgdu slíkir vextir því upphaflegri kröfu í skuldaröð. Um þá breytingu, sem stefnt var að með þessu ákvæði, segir eftirfarandi í greinargerð með frumvarpi til þessara laga:

„Vextir, sem á falla eftir upphaf skipta, geta að sjálfsögðu verið ákveðnir með mismunandi hætti að því er hundraðshluta snertir. Vextir af forgangskröfum eftir skiptaupphaf geta einnig minnkað líkur fyrir því að greiðsla fái upp í almennar kröfur. Því er meginsjónarmið að jafnrétti ríki milli lánardrottna eftir upphaf skipta, og þykir ekki vera ástæða til að vaxtareikningur eftir það tímamark raski þessu. Er þess vegna gerð tillaga í samræmi við það sem er í Danmörku og Noregi, þess efnis að vextir frá þessu tímamarki gangi á eftir almennum kröfum. Í raun leiðir þetta til þess, að slíkir vextir fást sjaldnast greiddir í þrotabúum. Ef til slíks kemur ber að fara eftir reglunum um skuldaröð milli þeirra sem krefjast vaxtanna. Þar sem kröfur stofnaðar með löglegum hætti skv. 82. gr. hafa verulega sérstöðu og það eru hagsmunir búsins að þær geti stofnast, þykir ekki unnt að láta ákvæðið, sem hér um ræðir, ná til þeirra.“

Eins og sést af framansögðu er ekki berum orðum vikið að því í greinargerð hvort ákvæði því er varð að 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 hafi verið ætlað að taka til áfallinna vaxta af veðkröfum eftir upphaf skipta. Þær röksemdir sem þar koma fram geta hins vegar jafnt átt við um veðkröfur

sem forgangskröfur samkvæmt 84. gr. laganna. Meiru skiptir þó að ekki verður séð af ummælum greinargerðarinnar að bein orðskýring ákvæðisins, þess efnis að vextir af veðkröfum falli undir reglu þess, sé viðtækari eða annars efnis en ætlast var til við setningu þess.

Í ljósi þess, sem nú hefur verið greint, þykir verða að skýra ákvæði 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878 á þann veg að vextir sem falla á veðkröfu eftir upphaf gjaldþrotaskipta, lúti reglu ákvæðisins og standi þannig að baki kröfum samkvæmt 82. - 85. gr. laganna í skuldaröð.

Af framangreindum ástæðum verður það niðurstaða þessa máls að þeim dráttarvöxtum, sem deilt er um í máli þessu og féllu til eftir upphaf gjaldþrotaskipta á búi Hafskips hf., verður skipað í skuldaröð sem eftirstæðri kröfu samkvæmt 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878, og telst hún að fjárhæð kr. 621.066,82. Ber af þessum sökum að hafna kröfu sóknaraðila um viðurkenningu lögveðréttinda fyrir kröfu þessari.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt að gera sóknaraðila að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst kr. 40.000,00.

Markús Sigurbjörnsson borgarfégeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Við skipti á þrotabúi Hafskips hf. telst krafa sóknaraðila, Lífeyris-sjóðs sjómanna, um áfallna dráttarvexti eftir 6. desember 1985 að fjárhæð kr. 621.066,82, standa í skuldaröð eftir fyrirmælum 1. tl. 86. gr. laga nr. 3/1878.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, þrotabúi Hafskips hf., kr. 40.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu þessa úrskurðar að viðlagðri aðför að lögum.